

Minnisblað

Dags.: 4. mars 2020

Efni: Sumarvinna skólafólks

Horfur í ár:

Nú hefur verið lokað fyrir skráningu á umsóknum um sumarliða og ljóst er að það ríkir mikil ánægja síðustu ár meðal íþrótta- og æskulýðsfélaga með stuðning borgarinnar í formi sumarliða. Mörg þeirra leggja ríka áherslu á það í umsókn sinni að þau treysta á áframhaldandi stuðning til að geta haldið uppi góðri starfsemi í sumar. Í ár sóttu 33 félög um sumarliða.

	Fjöldi 17 ára	Vinnuvikur 17 ára	Fjöldi 18/19 ára	Vinnuvikur 18/19 ára	Fjöldi 20+ ára	Vinnuvikur 20+ ára
Samtals	61	467 vikur	84	759 vikur	106	874 vikur

Sundurliðun samkvæmt umsóknum íþrótta og æskulýðsfélaga um sumarliða sumarið 2020

Tölur síðasta árs:

- Heildarfjöldi í stm. = 125
- Heildarfjöldi í vikum = 928

Tillögur/Ábendingar:

Mikilvægt er að finna úrræði fyrir 17 ára ungmenni í Reykjavík því stór hluti þeirra getur ekki treyst á að fá vinnu yfir sumarið í gegnum borgina, þrátt fyrir að vera ekki orðin sjálfráða. Vinnuskólinn í Reykjavík getur bara tryggt sumarstarf upp að 16 ára aldri, á meðan sveitarfélögin í kringum okkur munu bjóða öllum þeim 17 ára ungmönnum (f. 2003) vinnu í sumar sem óska þess. Atvinnuleysi mælist nú 4,8% og er það meira en var á sama tíma á síðasta ári. Þegar atvinnuleysi eykst hefur það sýnt sig að 17 ára hópurinn á erfiðara með að fá sumarvinnu og því mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að horfa sérstaklega til þessa hóps hvað varðar sumarvinnu. Íþrótta- og æskulýðsfélögin hafa óskað eftir rúmlega 60 (17 ára) sumarliðum sem aðstoðarstarfsmenn á sumarnámskeiðum og það eru eflaust fleiri starfsstaðir innan Reykjavíkurborgar sem væru einnig áhugasöm að nýta starfskrafta þeirra.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu munu bjóða öllum 17 ára ungmönnum vinnu sumarið 2020.

Samkvæmt upplýsingum frá hinum sveitarfélögum í kringum okkur (Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Mosfellsbær) munu þau öll bjóða þeim 17 ára ungmönnum (f. 2003) vinnu í sumar sem óska þess. Vinnutímabilið er á bilinu 4-8 vikur, þar sem 7 vikur er algengasta lengdin. Verkefni eru af ýmsum toga, t.d. garðyrkja, vinna á leikskólum, umhirða á golfvöllum og á íþrótta- og leikjanámskeiðum á vegum íþróttafélaganna.

Kópavogur

Allir unglingar sem búsettir eru í Kópavogi og verða 14-17 ára (2003- 2006) á árinu geta sótt um (og fengið) vinnu hjá Vinnuskólanum. Nemendur sem eru 16 til 17 (2003 - 2004) ára sem sækja um hjá Vinnuskólanum geta óskað eftir því að fá vinnu hjá félögum og stofnunum í bænum og er þeim raðað inn á þá staði með hliðsjón af fyrri umsögnum í Vinnuskólanum.

Garðabær

Fram að þessu hafa öll 17 ára ungmenni sem óskað hafa eftir fengið sumarvinnu hjá Garðabæ í 7 vikur í 75% starfshlutfalli. Sumarið 2019 réð Garðabær 64 einstaklinga 17 ára gömul ungmenni (fædd 2002) til sumarstarfa.

Hafnarfjörður

Munu ráða öll ungmenni til vinnu, 14-17 ára. Auglýsingar fyrir 17 ára ungmenni koma á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar fljótlega og þeim stendur ýmislegt til boða t.d. garðyrkja, vinna á leikskólum og á íþrótt- og leikjanámskeiðum á vegum íþróttafélaganna hér í bænum.

Seltjarnarnes

Það verður með sama hætti og síðustu ár þ.e. Allir 17 ára sem sækja um sumarstörf og eru með lögheimili á Seltjarnarnesi fá vinnu í 7 vikur yfir sumarið.

Mosfellsbær

Eru með sumarátaksstörf fyrir þessi 17- 18 ára og þau fá 140 tíma á 4-6 vikum.

Félögin njóta góðs af þessum hóp, fá þau inn til sín á t.d. knattspyrnunámskeið og í umhirðu á golfvöllum. Þau gera ráð fyrir að geta boðið allflestum sem að sóttu um vinnu, kemur þó í ljós síðar í mánuðinum.

Steinþór Einarsson

skrifstofustjóri rekstur og þjónusta